



Nemendakönnun
Lokaskýrsla
Skólaárið 2012-2013

Gunnhildur Harðardóttir
Helena Katrín Hjaltadóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Heildarniðurstöður	5
Samantekt	33
Umbótaáætlun	35

Inngangur

Eitt af því sem grunnskólum landsins ber að framkvæma er svonefnt innra mat. Þá eru hinir ýmsu þættir skólastarfsins metnir kerfisbundið, reynt er að finna hver staðan er og hvað megi bæta. Margt að því sem velta þarf fyrir sér í matsferlinu er þess eðlis að leita verður til nemenda um svör. Með því að svara könnuninni gefst nemendum einnig kostur á því að hafa áhrif á skólastarfið. Markmiðið með fyrirlögninni er að gera góðan skóla betri.

Nemendakönnun var lögð fyrir nemendur í 5.-10. bekk í Lágafellsskóla í mars 2013. Ábyrgð á vinnu og framkvæmd báru deildarstjóri sérkennslu og mats og deildarstjóri elsta stigs. Tilgangurinn með fyrirlögn könnunarinnar er að vinna með niðurstöður innan skólans til að bæta líðan nemenda og kortleggja það starf sem á sér stað í skólanum.

Rafrænn spurningalisti var unnin í forritinu Lime Survey og voru spurningarnar byggðar á spurningum síðasta skólaárs með samanburð milli ára í huga. Foreldrar voru upplýstir um að nemendakönnun yrði lögð fyrir nemendur sem kallaðir voru í tölvustofu og bókasafn skólans til að svara könnuninni á veraldarvefnum. Nemendafjöldi í 5.-10. bekk þegar könnunin var lögð fyrir var 420 nemendur. Svarendur voru 403 eða 95,7%. Könnunin inniheldur 41 spurningu og þar af eru sex opnar spurningar. Tafla 1 sýnir skiptingu nemenda eftir árgöngum. Víða eru niðurstöður flokkaðar eftir stigum og á miðstig þá við nemendur í 5.-7. bekk og elsta stig á við nemendur í 8.-10. bekk.

Við samanburð á niðurstöðum milli ára ber að hafa það í huga að nemendur fjórða bekkjar svöruðu ekki könnuninni í ár.

Tafla 1. Skipting nemenda sem svöruðu könnuninni eftir árgöngum


Árgangur	Fjöldi nemenda	%
5. bekkur	77	19,11%
6. bekkur	58	14,39%
7. bekkur	83	20,60%

8. bekkur	68	16,87%
9. bekkur	66	16,38%
10. bekkur	51	12,66%

Heildarniðurstöður

Eftirfarandi eru niðurstöður úr hverri spurningu könnunarinnar fyrir sig.

Þegar nemendur voru spurðir um líðan þeirra í skólanum kom fram að rúmlega 82% nemenda líður mjög vel eða vel í skólanum. Það hlutfall er 8% undir því viðmiði sem sett var í starfsáætlun skólans og einu 1% hærra en á fyrra skólaári. Tæplega 2% nemenda svöruðu því til að þeim liði illa en enginn svaraði því til að sér liði mjög illa í skólanum.



Mynd 1. Hvernig líður þér í skólanum?

Þegar nemendur voru spurðir hvort þeir væru kvíðnir fyrir próf sýndu niðurstöður það frekar eiga við nemendur á unglíngastigi en á miðstigi. Tæplega 24% nemenda segjast aldrei vera kvíðnir fyrir próf og er það svipað á öllum stigum. Séu niðurstöður bornar saman við niðurstöður síðasta árs, er ljóst að fleiri nemendur eru alltaf kvíðnir fyrir próf en fleiri stundum og einnig fjölgar í þeim hópi sem svarar því að vera aldrei kvíðnir fyrir próf.

Tafla 2. Ertu kvíðin/n fyrir próf?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Alltaf	9,93%	7,80%	12,43%
Stundum	66,5%	69,27%	63,24%
Aldrei	23,57%	22,93%	24,33%

Þegar nemendur voru spurðir um hversu áhugasamir þeir voru um námið kom í ljós að rúmlega 70% nemenda sögðust vera mjög eða frekar áhugasamir um námið, rúmlega 5% nemenda sögðust hafa frekar lítinn eða mjög lítinn áhuga á náminu. Af þeim nemendum sem hafa mjög mikinn eða mikinn áhuga eru fleiri á miðstigi en á elsta stigi.

Tafla 3. Hversu áhugasamur/áhugasöm ertu um námið þitt?

	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög	25,06%	28,44%	21,08%

áhugasamur			
Frekar áhugasamur	45,16%	44,04%	46,49%
Hvorki lítið né mikið áhugasamur	24,57%	23,39%	25,95%
Frekar lítið áhugasamur	2,98%	2,29%	3,78%
Mjög lítið áhugasamur	2,23%	1,83%	2,70%

Þegar spurt var hvað nemendum fyndist um námið í skólanum kom fram að fleiri nemendum á miðstigi þykir vinnan sín mjög eða frekar auðveld en nemendum á unglíngastigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára.

Tafla 4. Hvað finnst þér um lærdóminn/námið í skólanum?


	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög auðvelt	6,20%	6,88%	5,41%
Frekar auðvelt	22,58%	24,77%	20%
Hæfilegt	60,79%	59,63%	62,16%
Frekar erfitt	8,93%	6,88%	11,35%
Mjög erfitt	1,50%	1,83%	1,08%

Nemendur voru spurðir hvort þeir lærðu eins vel og þeir gætu í skólanum. Ef svör allra árganga eru skoðuð þá kemur í ljós að rúmlega 86% nemenda telja að þeir læri mjög oft eða oft eins vel og þeir geta og hefur það hlutfall hækkað um 2% á milli ára. Á miðstigi hefur hlutfall þeirra sem vinna mjög oft eða oft eins vel og þeir geta hækkað um rúmlega 5 % en á unglíngastigi hefur hlutfallið staðið í stað.

Tafla 5. Lærir þú eins vel og þú getur í skólanum?


	Heildarfjöldi	Miðstig	Elsta stig
Mjög oft	49,63%	55,50%	42,70%
Oft	36,72%	36,24%	37,30%
Stundum	11,17%	6,42%	16,76%
Sjaldan	1,99%	1,38%	2,70%
Aldrei	0,50%	0,46%	0,54%

Þegar skoðað er hvort nemendur telji að kennarar hrósi þeim fyrir vel unnin verk í skólanum kemur í ljós að tæplega 35% telja svo vera mjög oft eða oft sem er lækkun um 10% milli ára. Fleiri nemendur á miðstigi en á unglíngastigi telja kennara hrósa sér mjög oft eða oft og er munurinn er rúmlega 10%. Tæplega 7% nemenda í 5.-10. bekk telja kennara aldrei hrósa sér fyrir vel unnin verk og er hlutfall þeirra hæst á unglíngastigi og er sú tala sambærileg milli ára.




Mynd 2. Hversu oft hrósa kennarar þér fyrir vel unnin verk (lærdóm/heimanáam) í skólanum?

Nemendur voru spurðir hversu miklu máli það skiptir þá að standa sig vel í náminu/skólanum. Tæplega 86% telja það skipta sig mjög miklu eða miklu máli og munar 2% á milli stiga þar sem nemendur á unglingsstigi telja það skipta sig meira máli.




Mynd 3. Skiptir það miklu máli fyrir þig að standa þig vel í náminu/skólanum?

Nemendur voru spurðir hvort þeir teldu að Leiðsagnarmatið gæfi þeim betri upplýsingar um gengi sitt í skólanum. Tæplega 49% töldu svo vera. Ef niðurstöður er skoðaðar eftir stigum þá eru það 58% nemenda á miðstigi sem telja að matið gefi þeim betri upplýsingar um gengi en rúmlega 38% nemenda á unglíngastigi telja svo vera. Tæplega 27% höfðu ekki myndað sér skoðun og var hlutfall þeirra einnig hærra á unglíngastigi tæplega 32%.



Mynd 4. Telur þú að Leiðsagnarmatið gefi þér betri upplýsingar um hvernig þér gengur í skólanum?

Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu leitað til eftirfarandi aðila; stjórnenda, námsráðgjafa, hjúkrunarfræðings, umsjónarkennara, annarra kennara, skólaliða, stuðningsfulltrúa, húsvarðar, Vinaleiðar, starfsmanns á bókasafni og ritara ef þeir þyrftu á að halda. Samkvæmt niðurstöðum virðast nemendur vera sáttir við það aðgengi sem þeir hafa að starfsfólki skólans.



Mynd 5. Getur þú leitað til þessara aðila þegar þú þarft á því að halda?


Tæplega 67% nemenda telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt mjög góð eða góð. Nemendur á yngri stigum telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu betri heldur en nemendur á unglingastigi. Tæplega 75% nemenda á yngri stigum telja að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt góð eða mjög góð og hefur sú tala hækkað um 3% á milli ára. Rúmlega 57% nemenda á unglingastigi telja samskiptin vera góð eða mjög góð og er sú tala sambærileg á milli ára.

Tafla 6 . Hvernig telur þú að samskipti nemenda og starfsmanna séu almennt í skólanum?

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög góð	21,34%	28,90%	12,43%
Góð	45,41%	45,87%	44,86%
Sæmileg	29,28%	22,02%	37,84%
Slæm	2,98%	2,29%	3,78%


Mjög slæm	0,99%	0,92%	1,08%
-----------	-------	-------	-------

Rúmlega 38% nemenda skólans þykir námið í skólanum alltaf eða oft skemmtilegt og hefur sú tala lækkað um 9% á milli ára. Hlutfall þeirra nemenda sem telja námið skemmtilegt er hærra á miðstigi (rúmlega 45%) en á unglíngastigi (tæplega 30%). Þá telja rúmlega 26% nemenda á unglíngastigi að nám þeirra sé sjaldan eða aldrei skemmtilegt, hlutfall þeirra sem hafa þá skoðun meðal nemenda miðstigs er tæplega 12%.




Mynd 6. Finnst þér námið í skólanum skemmtilegt?

Nemendur voru spurðir hvernig samskiptum þeirra væri háttað við eftirtalda aðila; umsjónarkennara, aðra kennara, skólaliða, stuðningsfulltrúa, stjórnendur, ritara, starfsmann á bókasafni, húsvörð, kokk, námsráðgjafa, Vinaleið og hjúkrunarfræðing. Nemendur á miðstigi eru ánægðari með samskipti við umsjónarkennara, almenna kennara, skólaliða, starfsmann á bókasafni, vinaleið, hjúkrunarfræðing, húsvörð og stuðningsfulltrúa en nemendur á unglíngastigi eru ánægðari með samskipti við skólastjóra/deildarstjóra, ritara, kokk og námsráðgjafa. Niðurstöðurnar eru sambærilegar á milli ára.




Mynd 7. Hvernig eru samskipti þín við eftirtalda aðila?

Nemendur voru spurðir hvernig skólinn hafi tekið á þeim málum sem upp hefðu komið hjá þeim. Niðurstöður sýna að af þeim nemendum sem höfðu lent í málum töldu rúmlega helmingur að mjög vel eða vel hafi verið tekið á þeirra málum. Ekki var munur á milli stigi.




Mynd 8. Ef þú hefur lent í einhverjum málum í skólanum, hvernig hefur þá verið tekið á þeim?

Spurt var hvernig nemendum þætti nám sitt við Lágafellsskóla undirbúa sig undir framtíðina. Hlutfall þeirra sem fannst skólinn undirbúa sig mjög vel eða vel var 78% en tæplega 3% illa eða mjög illa.




Mynd 9. Hvernig telur þú að nám þitt við Lágafellsskóla undirbúi þig undir framtíðina?

Nemendur voru spurðir hversu ánægðir þeir væru með sérkennslu hefðu þeir notið þeirrar þjónustu. Tæplega 79% svöruðu því til að þeir hefðu ekki verið í sérkennslu. Af þeim sem höfðu notið sérkennslu voru rúmlega 68% ánægðir eða mjög ánægðir, tæplega 18% þótti hún í lagi og óánægðir og mjög óánægðir voru rúmlega 14%. Ekki var munur á svörum nemenda milli stiga.




Mynd 10. Ef þú ert í sérkennslu, hversu ánægð/ur ertu með hana?

Rúmlega 45% nemenda telja heimavinnu sína hæfilega, rúmlega 50% telja hana vera of mikla og tæplega 5% telja hana vera litla eða of litla. Mikill munur er á svörum nemenda á milli stiga þar sem rúmlega 70% nemenda á unglíngastigi telja heimavinnuna of mikla eða mikla en rúmlega 33% nemenda á miðstigi. Munur á milli stiga hefur aukist um 14% milli ára eða úr 23% í 37%.




Mynd 11. Hversu mikil finnst þér heimavinnan (heimanámið) þín vera?

Næst voru nemendur spurðir hversu mikla aðstoð þeir þyrftu við heimanám sitt. Fram kom að tæplega 10% þyrftu mjög mikla eða mikla aðstoð heima fyrir. Rúmlega 10% nemenda á unglingsstigi þurfa á hjálp að halda en tæplega 3% nemenda á miðstigi. Hærra hlutfall nemenda á unglingsstigi töldu sig þurfa mjög mikla eða mikla aðstoð eða rúmlega 10% en tæplega 3% töldu svo vera á miðstigi. Breytingar hafa orðið frá síðasta ári varðandi þessar niðurstöður þar sem 13% miðstignema þurfi þá á hjálp að halda við heimanám og 8% nemenda á unglingsstigi.




Mynd 12. Þarftu aðstoð við heimavinnuna/heimanámið?

Tæplega 25% nemenda segjast nota heimasíðu skólans mjög mikið eða mikið og hefur sú tala hækkað um 7% frá fyrra ári. Ef notkunin er skoðuð eftir stigum þá kemur í ljós að rúmlega 33% nemenda á miðstigi nota heimasíðuna en rúmlega 15% nemenda á unglingastigi. Rúmlega 55% nemenda á unglingastigi segjast nota heimasíðu skólans mjög lítið eða ekkert en rúmlega 36% nemenda á yngri stigum segja svo vera.




Mynd 13. Hversu mikið notar þú heimasíðu skólans?

Spurt var hvort nemendur noti Mentor og kom fram að rúmlega 90% nemenda nota þá síðu. Tæplega 85% nemenda á miðstigi nota Mentor en rúmlega 98% nemenda á unglingsstigi.




Mynd 14. Notar þú Mentor?

Þegar nemendur voru spurðir hve oft þeir notuðu Mentor voru það rúmlega 61% sem nota síðuna daglega. Nemendur á unglíngastigi sem nota síðuna daglega eru tæplega 75% og er það mun meiri notkun en á miðstigi (41%). Um 25% nemenda á miðstigi fara inn á síðuna sjaldnar en einu sinni í viku.




Mynd 15. Hve oft notar þú Mentor?

Þegar spurt var hvort nemendur gætu skoðað einkunnir í verkefnabók Mentor svöruðu rúmlega 80% því til að svo væri. Fleiri nemendur á unglíngastigi skoða einkunnir í verkefnabók en nemendur á miðstigi. Um 25% nemenda á miðstigi vissu ekki hvort þau gætu skoðað verkefnabækur.

**Mynd 16.** Getur þú skoðað einkunnir þínar í verkefnabók í Mentor?


Nemendur voru spurðir hvort þeir gætu treyst á að umsjónarkennarar skráðu heimavinnu í Mentor og kom fram að rúmlega 73% töldu svo vera mjög oft eða oft. Rúmlega 2% töldu að sjaldan eða aldrei væri hægt að treysta á það. Ekki var mismunur á milli stiga.

Þegar spurt var um aðra kennara en umsjónarkennara töldu rúmlega 65% svo vera mjög oft eða oft en 7% sjaldan eða aldrei, nemendur á miðstigi töldu sig þarna síður geta treyst á Mentor.




Mynd 17. Geturðu treyst á að umsjónarkennari skrái heimavinnu í Mentor? Geturðu treyst á að aðrir kennarar skrái heimavinnu í Mentor?

Nemendur voru spurðir hvort þeim fyndist vera vinnufriður í kennslustundum og töldu rúmlega 47% vinnufriðinn vera mjög góðan eða góðan og er það hækkun um 5% milli ára. Rúmlega 18% þótti hann slæmur eða mjög slæmur. Séu stigin borin saman kemur í ljós að nemendur á unglingsstigi telja vinnufriðinn betri (52.90%) en nemendur á miðstigi (42.20%).



Mynd 17. Hvernig vinnufriður finnst þér vera í kennslustundum?

Tæplega 76% nemenda voru mjög ánægðir eða ánægðir með síðasta foreldraviðtal sem þeir fóru í og er það hækkun um 3% á milli ára. Nemendur á miðstigi eru ánægðari en nemendur á unglíngastigi með viðtölin.




Mynd 18. Hversu ánægð/ur varstu með síðasta foreldraviðtal sem þú fórst í?

Spurt var hversu ánægðir nemendur væru með mötuneyti skólans en þar svöruðu rúmlega 11% því til að þeir væru ekki skráðir í mötuneytið. Rúmlega 40% voru mjög ánægðir eða ánægðir og hefur það hlutfall lækkað um tæplega 3% milli ára. Rúmlega 32% töldu það í lagi en rúmlega 16% svöruðu því til að þeir væru óánægðir eða mjög óánægðir með mötuneytið.

Tafla 7. Hversu ánægð/ur ertu með mötuneytið?


	Heildarfjöldi 2012	Heildarfjöldi 2013	5.- 7. bekkur 2013	8. - 10. bekkur 2013
Er ekki skráð/ur í mötuneytið	13,16%	11,17%	9,17%	13,51%
Mjög ánægð/ur	17,32%	18,61%	16,97%	20,54%
Ánægð/ur	25,44%	22,08%	21,56%	22,70%
Í lagi	28,73%	32,01%	30,73%	33,51%
Óánægður	8,77%	8,68%	11,01%	5,95%
Mjög óánægður	6,58%	7,44%	10,55%	3,78%

Rúmlega 19% nemenda telja að skólinn sé alltaf snyrtilegur og hefur sú tala lækkað um 6% á milli ára. Tæplega 75% svara því til að skólinn sé stundum snyrtilegur og rúmlega 6% aldrei. Niðurstöður eru sambærilegar milli stiga.



Mynd 19. Finnst þér skólinn þinn vera snyrtilegur?


Þegar spurt var hversu ánægðir nemendur væru með Lágafellsskóla kom fram að rúmlega 79% voru mjög ánægðir eða ánægðir með skólann. Óánægðir eða mjög óánægðir voru tæplega 4%. Ánægðastir eru nemendur á miðstigi og munar þar 5% á milli stiga. Þegar kannanir eru bornar saman á milli ára hefur þeim nemendum á unglíngastigi fækkað um 17% sem segjast vera mjög ánægðir með skólann.



Mynd 20. Hversu ánægð/ur ertu með Lágafellsskóla?


Nemendur voru spurðir hversu vel þeir þekkja efni Uppbyggingarstefnunnar sem Lágafellsskóli vinnur eftir. Um 73% nemenda taldi sig þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel og stendur sú tala í stað á milli ára.

Séu niðurstöður spurningarinnar skoðaðar eftir stigum kemur í ljós að nemendur í 5. -7. bekk virðast þekkja stefnuna mun betur en nemendur unglíngastígs. Af yngri nemendum svöruðu tæplega 78% því til að þekkja efni stefnunnar mjög vel eða vel en rúmlega 64% nemenda unglíngastígs.



Mynd 21. Lágafellsskóli vinnur eftir kenningum Uppbyggingarstefnunnar. Hversu vel þekkir þú mitt og þitt hlutverk?


Þegar spurt er um sýnileika Uppbyggingarstefnunnar í skólastarfinu telja tæplega 55% hana vera mjög sýnilega. Nemendur á miðstigi telja hana sýnilegri en nemendur á unglíngastigi.



Mynd 22. Hve sýnileg er uppbyggingarstefnan í skólastarfinu?

Næstu spurningar varða fullyrðingar sem finna má í skólanámskrá skólans.

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“. Í ljós kom að tæplega 53% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það lækkun um rúmlega 3% á milli ára. Tæplega 31% voru ósammála eða mjög ósammála. Rúmlega 13% fleiri nemendur á unglíngastigi voru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni en á miðstigi.



Mynd 23. Hversu sammála ertu þessu? „Í skólanum er hlustað á mínar skoðanir“

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru fullyrðingunni: „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“. Í ljós kom að tæplega 55% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og hefur það hlutfall lækkað um rúmlega 7% á milli ára (6% árið á undan), tæplega 28% voru ósammála eða mjög ósammála og tæplega 18% tóku ekki afstöðu. Fleiri nemendur í 5. -7. bekk voru sammála eða mjög sammála eða tæplega 63% en rúmlega 45% nemenda unglíngastigs. Hlutfall þeirra sem voru ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni hefur hækkað á milli ára um rúmlega 2% á miðstigi og tæplega 9% á unglíngastigi.

Tafla 8. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla fá hæfileikar allra að njóta sín“.

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. Bekkur
Mjög sammála	15,38%	21,10%	8,65%
Sammála	39,45%	41,74%	36,76%
Ósammála	20,10%	16,51%	24,32%
Mjög ósammála	7,44%	4,59%	10,81%
Veit það ekki	17,62%	16,06%	19,46%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft“. Í ljós kom að rúmlega 58% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það hlutfall sambærilegt á milli ára. Rúmlega 25% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri voru sammála eða mjög sammála á yngri stigum eða rúmlega 66% og hefur sú tala hækkað um 6% milli ára. Rúmlega 49% voru sammála eða mjög sammála á unglíngastigi og hefur sú tala lækkað um 5% á milli ára..

Tafla 9. Hversu sammála ertu þessu? Í Lágafellsskóla ríkir jákvætt, uppbyggilegt og afslappað andrúmsloft

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	15,14%	20,18%	9,19%
Sammála	43,18%	45,87%	40,0%
Ósammála	19,11%	15,60%	23,24%
Mjög ósammála	5,96%	5,50%	6,49%
Veit það ekki	16,63%	12,84%	21,08%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Svörin gefa til kynna að tæplega 70% nemenda sé mjög sammála eða sammála fullyrðingunni og er það þriggja prósentu lækkun á milli ára. Rúmlega 15% eru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á miðstigi voru mjög sammála eða sammála eða rúmlega 78% en rúmlega 60% nemenda á unglingsstigi.

Tafla 10. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla nota kennararnir fjölbreyttar aðferðir við kennslu“. Það þýðir að í tímum hafa kennarar mismunandi vinnuáferðir, t.d. að vinna einn eða í hópi, þemavinnu, töflukennslu, söguáferð eða tölvuverkefni.

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	25,81%	35,78%	14,05%
Sammála	44,42%	42,66%	46,49%
Ósammála	9,93%	4,59%	16,22%
Mjög ósammála	5,71%	4,13%	7,57%
Veit það ekki	14,14%	12,84%	15,68%

Nemendur voru spurðir hversu sammála þeir væru eftirfarandi fullyrðingu: „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“. Í ljós kom að tæplega 80% nemenda voru mjög sammála eða sammála fullyrðingunni en tæplega 11% voru ósammála eða mjög ósammála. Fleiri nemendur á yngri stigum voru mjög sammála eða sammála eða rúmlega 83% en tæplega 76% nemenda á unglingastigi. Niðurstöður eru sambærilegar milli ára en tilfærsla hefur verið innan svara og hefur þeim fjölgað sem svara sammála en fækkað sem svara mjög sammála.

Tafla 11. Hversu sammála ertu þessu? „Í Lágafellsskóla er boðið upp á góða kennslu“

	Heildarfjöldi	5.- 7. bekkur	8. - 10. bekkur
Mjög sammála	26,30%	35,78%	15,14%
Sammála	53,60%	47,71%	60,54%
Ósammála	5,96%	5,05%	7,03%
Mjög ósammála	4,96%	4,59%	5,41%
Veit það ekki	9,18%	6,88%	11,89%

Samantekt

Samkvæmt sjálfsmatsáætlun þeirri sem skólinn hefur sett sér til næstu fimm ára er gengið út frá því að nemendakönnun sé lögð fyrir nemendur 4. 7. og 10. bekkjar árlega. Síðasta ár var ákveðið að könnunin yrði lögð fyrir nemendur í 4.-10. bekk. Í ár var tekin sú ákvörðun að leggja könnunina fyrir 5.-10. bekk þar sem reynslan sagði að nemendur 4. bekkjar væru fullungir til að svara svo mörgum spurningum og ættu í erfiðleikum bæði með lesa spurningar og skilja innihald þeirra. Könnunin er nokkuð sambærileg á milli ára en spurningar hafa verið endurgerðar og aðlagðar þar sem þess var talin þörf.

Könnun með sambærilegum spurningum er lögð fyrir foreldra. Þar eru þeir þættir lagðir til grundvallar sem koma fram í stefnu skólans sem og starfsáætlun. Í starfsáætlun skólans sem unnin var fyrir skólaárið voru settar viðmiðanir varðandi nokkra þætti skólastarfsins. Í nemendakönnuninni var spurt um þá þætti sem þar koma fram til að hægt væri að kanna hvort viðmiðum væri náð. Samkvæmt niðurstöðum nemendakönnunar líður rúmlega 82% nemenda mjög vel eða vel í skólanum og er tæpum 8% undir viðmiði starfsáætlunar. Niðurstöður nemendakönnunar leiddu í ljós að rúmlega 79% nemenda eru mjög ánægðir eða ánægðir með Lágafellsskóla en það viðmið sem sett var í starfsáætlun skólans og lítur að ánægju nemenda er 80%. Þegar spurt var um hvort nemendur teldu að kennarar notuðu fjölbreytta kennsluhætti var niðurstaðan sú að rúmlega 70% töldu svo vera og er það 10% undir viðmiðum starfsáætlunar. Tæplega 53% nemenda telja að hlustað sé á skoðanir þeirra í skólanum en það hlutfall er langt undir viðmiði starfsáætlunar sem er 80%. Lágafellsskóli vinnur samkvæmt hugmyndafræði Uppbyggingastefnunnar og kannað var hversu vel nemendur þekkja til stefnunnar. Í ljós kom að tæplega 73% þekkja mjög vel eða vel til stefnunnar en það er 7% undir settum viðmiðum. Þegar spurt var hvort hæfileikar allra fái sín notið voru tæplega 55% nemenda mjög sammála eða sammála og er það 25% undir viðmiðum starfsáætlunar.

Fram kom að tæplega 67% nemenda eru stundum kvíðnir fyrir próf og tæplega 10% alltaf. Áhugvert er að þrátt fyrir þessar tölur segjast tæplega 66% ekki hafa þurft á aðstoð námsráðgjafa að halda. Námsráðgjafi er sá aðili innan skólans sem nemendur ættu helst að leita til ef um prófkvíða er að ræða og má því draga þá ályktun að kynna þurfi starf námsráðgjafa betur fyrir nemendum.

Tæplega 72% nemenda telja samskipti sín við umsjónarkennara vera mjög góð eða góð en umsjónarkennari er sá aðili innan skólans sem stendur næst hverjum nemanda og mikilvægt að traust ríki þar á milli. Þessi tala hefur lækkað um 12% á milli ára. Tæplega 76% nemenda eru mjög ánægð eða ánægð með foreldraviðtölin. Í ljós kom að nemendur telja sig hafa allgreiðan aðgang að stjórnendum og stoðkerfi skólans. Rúmlega 63% nemenda hefur aldrei þurft að leita til stjórnenda.

Í könnuninni kom fram að 35% nemenda töldu sér vera mjög oft eða oft hrósað og tæplega 36% stundum. Rúmlega 29% nemenda telja að sér sé sjaldan eða aldrei hrósað af kennurum fyrir vel unnin verk í skólanum. Áhugavert er að velta fyrir sér þessum niðurstöðum og því, hvort huga þurfi sérstaklega að því að nemendur upplifi að þeim sé sjaldan eða aldrei hrósað fyrir vel unnin verk. Athygli vekur einnig að þegar þessar niðurstöður eru bornar saman á milli ára hefur þeim nemendum sem telja að sér sé hrósað mjög oft eða oft fækkað um 10%.

Niðurstöður sýna að innan við 40% nemenda þykir námið í skólanum alltaf eða oft skemmtilegt og hefur þeim fækkað á milli ára sem telja svo vera. Um 27% nemenda á unglíngastigi þykir námið sjaldan eða aldrei skemmtilegt og 12% nemenda á miðstigi. Þessar niðurstöður eru umhugsunarverðar og vert verkefni að skoða hvernig megi gera námið áhugaverðara fyrir nemendur. Þá vekur einnig athygli að aðeins rúmlega helmingur nemenda á unglíngastigi telur að kennarar noti fjölbreyttar aðferðir við kennslu. Um 80% nemenda telja þrátt fyrir ýmsar ábendingar um það sem betur mætti fara að boðið sé upp á góða kennslu í skólanum. Þá telja tæplega 78% nemenda að skólinn undirbúi þá mjög vel eða vel undir framtíðina og munar tæpum 11% milli stiga þar sem fleiri á miðstigi telja svo vera.

Þegar spurt er um Leiðsagnarmatið telur helmingur nemenda að það gefi þeim góðar upplýsingar um gengi þeirra í skólanum. Athygli vekur að tæplega 39% nemenda á unglíngastigi telur að matið gefi þeim ekki góðar upplýsingar um gengi í skólanum.

Nemendur telja heimavinnu of mikla og á það sérstaklega við um nemendur á unglíngastigi þar sem 70% telja hana of mikla eða mikla. Í opnum svörum kom fram að nemendum þykir verkefnaskil og próf raðast á sömu vikur og óska eftir samstarfi milli kennara varðandi þetta.

Mikilvægt er að huga að álagstímum og er samvinna milli kennara þar nauðsynleg. Einnig er vert að skoða í þessu sambandi að 80% nemenda þarf einhvers konar aðstoð við heimanám.

Þegar nemendur voru spurðir um hvernig vinnufriður væri í kennslustundum sýndu niðurstöður að rúmlega 47% nemenda þykir vinnufriður mjög góður eða góður og fannst nemendum á unglingsstigi betri vinnufriður en nemendum á miðstigi. Rúmlega 34% svöruðu því til að hann væri hvorki góður né slæmur og tæplega 19% að hann væri slæmur eða mjög slæmur. Athygli vekur að aðeins tæplega helmingur nemenda telur vinnufriðinn góðan eða mjög góðan og þyrfti að huga sérstaklega að því á komandi skólaári.

Fram kom að tæplega 53% nemenda telja að hlustað sé á þeirra skoðanir og hefur það hlutfall lækkað um 3% á milli ára en vert er að geta þess að á tveimur árum hefur þessi talað lækkað um 12%. Vert er að kanna hvort endurskoða megi hugmyndir um nemendalýðræði í skólafarfinu og huga að því að auka virkni nemenda í ákvarðanatöku hvað varðar nám og aðra þætti skólafarfsins.

Varðandi umgengni í skólanum telja aðeins 20% nemenda að skólinn sé alltaf snyrtilegur og vert að velta fyrir sér hvernig virkja megi alla til betri umgegni.

Þegar spurt var út í Uppbyggingarstefnuna kemur í ljós að nemendur á miðstigi þekkja betur til stefnunar en nemendur á unglingsstigi og er vert fyrir kennara og teymi að skoða hvað veltur og hvað er til ráða.

Umbótaáætlun

Ljóst er að þær upplýsingar sem fram hafa komið varðandi skoðanir nemenda á skólafarfinu í heild nýtast skólanum vel til áframhaldandi þróunarstarfs innan skólans. Að gerð umbótaáætlunar koma allir starfsmenn skólans og verður farið í þá vinnu á vordögum 2013.